

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Skógarlind 1. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 9. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógarlind 1. Í breytingunni felst að byggingarreitur breiðkar um 1 m, þ.e. úr 32 m í 33 m. Í stað 3ja og 4ra hæða byggingar auk kjallara er, í samræmi við gildandi deiliskipulagi, gert ráð fyrir 4ra hæða byggingu auk kjallara. Hámarkshæð fyrirhugaðrar byggingar er óbreytt, 41 m hæð yfir sjávarmáli. Heildarbyggingarmagn á lóð er óbreytt miðað við gildandi deiliskipulag, 12.200 m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir um 350 bílastæðum á lóð, þar af um 185 stæðum í kjallara. Stærð bílakjallara er áætluð 5.500 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur bílastæðakjallara kemur fram á deiliskipulagsupprætti. Miðað er við eitt bílastæði á lóð á móti hverjum 35 m<sup>2</sup> húsnæðis. Í tillögunni er gert ráð fyrir 60 hjólastæðum á jarðhæð hússins eða í sérstökum hjólaskýlum á lóð. Að öðru leyti gildir deiliskipulag svæðisins, Skógarlind - Lindir IV, frá janúar 2007, með síðari breytingum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 21. október 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2021